

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

**Umsagnaraðili: Hugverkaráð Samtaka iðnaðarins  
Tryggvi Hjaltason, formaður**

**Reykjavík, 31. maí 2022**

**Efni: Umsögn um mál 569 – frumvarp til laga um um breytingu á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nr. 152/2009 (framlenging bráðabirgðaákvæða)**

Hugverkaráð Samtaka iðnaðarins tekur til umsagnar lagafrumvarp um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, 569. mál, 152. löggjafarþing 2021-2022. Hugverkaráð fagnar því að stjórnvöld sjái ávinninginn af öflugum endurgreiðslukerfi vegna rannsókn- og þróunarkostnaðar nýsköpunarfyrirtækja en vilja koma á framfæri nauðsynlegum ábendingum til efnahags- og viðskiptanefndar um meðferð frumvarpsins.

Þegar Alþingi breytti lögum um endurgreiðslu rannsókn- og þróunarkostnaðar (hér eftir ýmist „R&D“ eða „rannsókn- og þróunarkostnaður“), fyrst árið 2018 með því að tvöfalda þak á endurgreiðslu á slíkum kostnaði upp í 600 milljónir kr. (900 milljónir fyrir samstarfsverkefni) og síðan árið 2020 með því að hækka þakið upp í 1100 milljónir kr. og hækka endurgreiðsluprosentuna úr 20% í 25% fyrir stór fyrirtæki og 35% fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki þá tókst Alþingi að gera rekstrarumhverfi hugverkafyrirtækja á Íslandi alþjóðlega samkeppnishæft.

Líklega hefur sjaldan orðið eins mikil og kröftug svörun úr atvinnulífinu á jafn stuttum tíma við lagabreytingu Alþingis. Útflutningstekjur hugverkaiðnaðar á Íslandi hafa síðan 2018 stórauðist, störfum hefur fjölgað hratt og er kröftug aukning enn í gangi í þeim eignum. Hugverkaiðnaður er nú orðin mikilvæg fjórða stoð í hagkerfinu, útflutningsstoð sem er ekki háð takmörkuðum náttúruauðlindum, sú fyrsta í hagsögu Íslands.

Hugverkaráð er samfélag fulltrúa margra af helstu hugverka- og hátæknifyrirtækjum landsins sem kemur reglulega saman til þess að meta samkeppnishæfni Íslands og sóknartækifæri í hugverkaiðnaði. Það er einróma mat Hugverkaráðs að kröftugt endurgreiðslukerfi rannsókn- og þróunarkostnaðar sem Alþingi kom á með lagasetningu árið 2020 hafi einfaldlega lagt grunn að því að hægt er að byggja upp öfluga hugverkastoð á Íslandi sem raunhæft gæti orðið stærsta efnahagsstoð Íslendinga á þessum áratug. Íslensk hugverkafyrirtæki hófu strax að gera vaxtaáætlanir m.v. framangreind endurgreiðsluhlutföll og þak sem eru nú í fullri framkvæmd.

*Þess vegna hvetur Hugverkaráð eindregið til þess að ekki verði dregið úr þeim endurgreiðsluhlutföllum sem voru lögfest árið 2020. Þvert á móti hvetur Hugverkaráð til þess að*

gefið verði í með þakið og það afnumið rétt eins og framsæknustu nýsköpunarhagkerfin hafa gert til þess að hafa ekki stærðarþak á skilvirkri nýsköpun á Íslandi.

Hér fyrir neðan hefur Hugverkaráð tekið saman fimm ástæður fyrir því að fyrirbyggjandi frumvarp er mikilvægasta frumvarp ársins fyrir hagkerfi Íslands.

**Ástæða 1: Kröftugt skattahvataumhverfi er lykillinn að því að hugverkastoðin er að aflæsast og gæti orðið stærsta og mikilvægasta stoð hagkerfisins í framtíðinni.**

Ísland er ríkt af auðlindum. Verðmætasköpun og útflutningur þjóðarinnar hefur síðustu áratugi fyrst og fremst byggt á atvinnugreinum sem hafa takmarkaða vaxtamöguleika og byggja á auðlindanýtingu, líkt og sjávarútvegi, stóriðju og ferðaþjónustu. Þessar útflutningsstoðir hafa tryggt góð lífsgæði fyrir Íslendinga en það er ekki hægt að horfa framhjá því að einkenni auðlindahagkerfis eru miklar sveiflur og ófyrirsjáanleiki. Þetta hefur einmitt alla tíð einkennt hagsögu Íslands.

Í fyrsta sinn í sögu þjóðarinnar kann þetta að vera að breytast. Ferðamönnum fækkaði mikið á milli árána 2019 og 2020, og ásamt ferðaþjónustunni drógust nær allir aðrir útflutningsliðir saman eða stóðu í stað á milli ára. Þess vegna kom það mörgum á óvart að það varð afgangur af utanríkisverslun samkvæmt tölum Hagstofunnar á fjórða ársfjórðungi árið 2020. Ástæðan fyrir þessu var einföld. Það var undantekning í útflutningsliðunum. Líkt og aðalhafgræðingur Arion Banka komst að orði í fréttabréfi til fjárfesta á þeim tíma var þetta: „ekki vegna þrautseigju ferðaþjónustunnar, heldur vegna **hugverkaútflutnings sem geystist inn eins og riddari á hvítum hesti.**“

Gjöld fyrir notkun hugverka jukust samkvæmt Hagstofunni um 13% á milli ára í þessum mikla samdrætti sem átti sér stað um víða veröld og augljóst var að nýr keppandi væri kominn í hagkerfið. Hugverkaiðnaður hefur nú fest sig í sessi sem **fjórða stoðin** í útflutningi þjóðarþúsins en útflutningstekjur hugverkaiðnaðar námu **16% af útflutningstekjum Íslands árið 2021.**

**Af hverju kom þessi stoð inn af svona miklum krafti? Ein helst ástæða þess er sú að síjörnvöld ákváðu árið 2018 að tvöfalda þak á endurgreiðslu R&D kostnaðar á Íslandi og aflæsa þar með miklum uppsöfnuðum krafti verkefna sem var þá farið í að byggja upp á Íslandi.**



\*Gögn frá Hagstofu Íslands, tekin saman af Ingólfi Bender, aðalhafgræðing Samtaka Iðnaðarins.

Síðan stjórnvöld efldu svo endurgreiðslukerfið enn frekar árið 2020 hafa frekari kraftar verið leystir úr læðingi.

**Ástæða 2: Síðasta efling á R&D endurgreiðslukerfinu er að leiða til þess að sjö til níu þúsund góð störf eru að verða til á Íslandi næstu fimm árin.**

Niðurstöður nýlegrar könnunar meðal stjórnenda fyrirtækja í hugverkaiðnaði innan Samtaka iðnaðarins sýna að íslensk hugverkafyrirtæki stefna á að ráða sjö til níu þúsund sérfræðinga á Íslandi næstu fimm árin ef vaxtaáætlanir fyrirtækjanna ná fram að ganga. Það eru 1.800 manns að meðaltali á ári. Könnun á vegum Íslandsstofu sem gerð var fyrr á árinu leiddi í ljós að vaxtaáætlanir 70% hugverkafyrirtækja hér á landi árið 2021 náðu fram að ganga eða voru framar væntingum. Þegar kannanirnar voru gerðar töldu fyrirtækin að endurgreiðslukerfinu yrði haldið í óbreyttu horfi.

Störfín sem skapast í hugverkaiðnaði eru vel launuð, skapandi störf fyrir hámenntaða einstaklinga og því er til mikils að vinna að búa svo í haginn að þessi störf verði til á Íslandi. Með því að leggja áherslu á fjölgun starfa í hugverkaiðnaði getur Ísland ekki aðeins laðað að erlenda sérfræðinga heldur einnig búið svo í haginn að komandi kynslóðir ungra Íslendinga vilji setjast að hér á landi í stað þess að sækja tækifærin erlendis.

**Ástæða 3: Þetta eru ekki útgjöld heldur öflug fjárfesting.**

Nokkuð hefur borið á í umræðu um endurgreiðslukerfi R&D að rætt sé um endurgreiðsluna sem ríkisútgjöld. Forsvarsmenn nær allra hugverkafyrirtækja sem undirrituð hafa rætt við eða starfa hjá segja hins vegar sömu söguna þegar kemur að kröftugra endurgreiðslukerfi R&D: Það leiðir til þess að fleiri verkefni eru sett í gang á Íslandi; uppbyggingin fer fram hér og verkefni eru ekki færð úr landi til annarra landa þegar stuðningsumhverfið er orðið eins samkeppnishæft og raun ber vitni síðasta árið. Þess vegna er mikilvægt að leggja eftirfarandi tvær breytur til grundvallar þegar meint útgjöld eru metin:

1. Þegar endurgreiðsluhlutföll eru samkeppnishæf þá verða fleiri verkefni sett af stað á Íslandi, meiri áhættufjárfesting sækir til landsins og fleiri störf eru sköpuð sem ella hefðu ekki orðið til. Þetta skapar nýjar skatttekjur. Um þetta liggja nú þegar fyrir tugir dæma bara síðustu tvö ár.
2. Til þess að öðlast rétt á endurgreiðslu þurfa fyrirtækin fyrst að stofna til útgjalda og er því áhætta ríkisins og beinn kostnaður alltaf takmarkaður við þá staðreynd að fyrst þurfa að koma til skatttekjur áður en endurgreiðslur hefjast.

Meint „útgjöld“ eru því ekki útgjöld í venjulegum skilningi þegar kemur að kostnaði ríkissjóðs. Þess vegna er réttara og eðlilegra að horfa til endurgreiðslukerfisins sem þess fjárfestingarkerfis sem það svo sannarlega er.

**Ástæða 4: Þetta er kapphlaup þar sem við megum ekki velja að hægja á okkar hraðasta hlaupara.**

Mikið kapphlaup er nú í gangi um tvær auðlindir á meðal efnahagslegra þróaðra ríkja; hugverk og hæfileika. Fyrri kapphlaupið snýr að því að ná verðmætum hugverkum (e. intellectual property), tekjunum af þeim og starfamyndun til heimaríkis. Seinna kapphlaupið snýr að því að ná sérfræðingunum sem þarf til að geta viðhaldið, þróað og byggt ný hugverkaverkefni.

Það er stefna núverandi stjórnvalda að hugverkastoðin geti orðið að okkar stærstu útflutningsstoð. Til þess að slíkt sé raunhæfur möguleiki þarf að tryggja samkeppnishæfni þjóðarinnar á þessum tveimur sviðum. Það fyrra snýr að því að byggja upp og viðhalda heimsklassa umhverfi til rannsókn- og þróunar; kjarna nýsköpunar. Í því tilliti er endurgreiðslukerfi stjórnvalda á rannsókn- og þróunarkostnaði fyrirtækja stærsta og mikilvægasta fjárfestingin ásamt mikilvægu stuðningskerfi nýsköpunar í gegnum Rannís. Seinna atriðið er að efla mannauðinn á Íslandi bæði með innlendri uppbyggingu en líka með því að liðka fyrir komu erlendra sérfræðinga, sem „þekkingarmargfaldara“ fyrir íslenskt samfélag og efnahagslíf.

Frumvarpið sem hér er um rætt er því að móta annan lykilkáttana í getu okkar sem þjóðar í þessu kapphlaupi. Öflugt, stöðugt endurgreiðslukerfi er með öðrum orðum algjört grundvallaratriði þegar kemur að því að styðja við vöxt hugverkaiðnaðar.

#### Ástæða 5: Áætlanir hugverkafyrirtækja á Íslandi byggja á núverandi endurgreiðsluhlutföllum sem var lofað að framlengja í stjórnarsáttmála.

Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar kemur fram eftirfarandi stefna á blaðsíðu 52:

*„Endurgreiðslur vegna rannsókna og þróunar verða framlengdar og farið yfir framkvæmd þeirra og eftirlit. Tímabundin hækkun endurgreiðsluhlutfalls vegna kostnaðar sem fellur til við rannsóknir og þróun verður gerð varanleg.“*

Skilaboð stjórnvalda virðast skýr þarna um að tímabundin hækkun endurgreiðsluhlutfalls verði gerð varanleg og þess vegna er það ákveðið áfall að sjá núverandi tillögu um að lækka aftur hlutföllin enda ekkert komið fram frá stjórnvöldum um að slíkt standi til.


Hér má alls ekki hægja á. Íslensk hugverkafyrirtæki hafa nú þegar gert vaxtaáætlanir sínar og fjárfestingarplön m.v. núverandi endurgreiðsluhlutföll og þak. Það er ónotalegur óstöðugleiki fólgin í því að óvænt draga þessi hlutföll tilbaka á þessum tímamarki þvert á loforð úr stjórnarsáttmála.

Hugverkaráð sýnir því skilning að stjórnvöld hyggist greina ávinning af endurgreiðslukerfinu á árinu en biðla til stjórnvalda um að á meðan sú greining fari fram verði ekki hreyft við kerfinu og að hlutföllum og þaki verði haldið í sama horfi. Fyrirtæki í hugverkaiðnaði gera áætlanir mörg ár fram í tímann og óvissa um endurgreiðslukerfið er til þess fallin að fyrirtæki hér á landi hverfi til landa þar sem meiri stuðningur og stöðugleiki ríkir.

#### Ráðgjöf Hugverkaráðs samandregin

*Hugverkaráð hvetur efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis til þess að leggja til óbreytt hlutföll endurgreiðslu rannsókna- og þróunarkostnaðar, 25% fyrir stór fyrirtæki og 35% fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Jafnframt hvetur Hugverkaráð nefndina til að leggja það til að þakið verði afnumið rétt eins og framsæknustu nýsköpunarhagkerfin hafa gert til þess að hafa ekki stærðarþak á skilvirkri nýsköpun á Íslandi, í það minnsta að ekki verði hróflað við þakinu að svo stöddu og því haldið í 1100 miljónum króna.*

## Virðingarfyllst,

A photograph of a handwritten signature in dark ink on a light-colored, textured paper. The signature reads "Tryggvi Hjaltason" in a cursive script.

**Tryggvi Hjaltason, formaður Hugverkaráðs**

### **Í Hugverkaráði Samtaka iðnaðarins sitja:**

*Alexander Picchiatti, Verne Global*

*Fida Abu Libdeh, GeoSilica Iceland*

*Inga Lind Karlsdóttir, Skot productions*

*Jóhann Þór Jónsson, AtNorth*

*Liða Ósk Snorradóttir, Pegasus*

*Reynir Scheving, Zymetech*

*Róbert Helgason, Kot*

*Soffía Kristín Þórðardóttir, Origo*

*Tryggvi Hjaltason, formaður Hugverkaráðs, CCP*

*Vigdís Tinna Sigurvaldadóttir, Marel*

*Þorgeir Frímann Óðinsson, Directive Games North*

*Þóra Ejörg Magnúsdóttir, Coripharma*